ÖLDUSELSSKÓLI

Námsáætlun / bekkjarnámskrá 2026 – 2027

Enska, 3. bekkur

Kennari/ar

María Dögg Elvarsdóttir, Rebekka Rún Geirsdóttir og Sonja Rut Baldursdóttir

Lýsing

Viðmiðunartími: 1 kennslustund, 40 mínútur á viku að meðaltali samkvæmt viðmiðunarstundaskrá Aðalnámskrár grunnskóla.

Í ensku er lögð áhersla á að auka orðaforða nemenda ásamt ritun orða, æfing í töluðu máli og hlustun. Notaðar eru fjölbreyttar kennsluaðferðir og leitast við að tengja viðfangsefni við reynsluheim nemenda.

Nemendur vinna einstaklingslega, í pörum og í stærri eða minni hópum.

Markmið/inntak

Meginmarkmið enskukennslunnar er að nemendur efli færni sína í orðaforða, ritun, töluðu máli og hlustun.

Námsefni

Unnið er með:

- Yes we can 2
- Adventure Island of English Words / Orðasjóður
- Önnur verkefnablöð

Kennsluaðferðir

Unnið er eftir kennsluleiðbeiningum af vefnum www.yeswecan.is.
Nemendur vinna sjálfstætt eða í pörum við að leysa verkefni í verkefnabókinni sinni ásamt því að rita á verkefnablöð Adventure Island of English Words. Nemendur æfa sig í töluðu máli með því að hlusta og herma eftir, tala saman á ensku og syngja lög.

Námsmat

Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið og byggir á vinnu, framförum og hæfni nemenda. Kennarar leiðbeina eftir leiðsagnarmati ásamt því að meta með símati yfir árið.

Námsmati er ætlað að vera leiðbeinandi og styðja nemendur við að sjá eigin framfarir og næstu skref í námi. Aðalnámskrá leggur áherslu á að námsmat byggist á hæfniviðmiðum og námsmarkmiðum og að notaðar séu fjölbreyttar námsmatsaðferðir.

Námslotur

- Hversdagleg orð
- Dagarnir
- Veður
- Tölurnar
- Litirnir
- Fjölskylda
- Föt
- Líkamspartar
- Hreyfing
- Dýr
- Jólin
- Skólaorð
- Matur

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá **(listuð upp eins og þau eru í aðalnámskrá)**

Enska við lok 1. stigs - Hlustun og áhorf

- Skilið algeng orð, einföld fyrirmæli og frásagnir og brugðist við þeim.
- Fylgt meginþræði í einföldu efni sem höfðar til barna og unglinga.
- Hlustað eftir einföldum upplýsingum og nýtt sér í námi sínu.

Enska við lok 1. stigs - Lestur og lesskilningur

- Lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs.

Enska við lok 1. stigs – Samskipti

- Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.
- Tekið þátt í einföldum samræðum í skólastofunni.

Enska við lok 1. stigs – Frásögn

- Tjáð sig á einfaldan hátt um sjálfan sig og líf sitt.
- Tjáð sig nokkuð skiljanlega hvað varðar framburð og áherslur.

Enska við lok 1. stigs – Ritun

- Skrifað á einföldu máli um efni sem hann þekkir vel.
- Skrifað einfalda texta um efni sem tengist námi hans.